

Rannsóknarnefnd sjóslysa,
Hafnarhúsinu,
150 REYKJAVÍK

Rannsóknarnefnd sjóslysa fól mér á fundi sínum í gær að gera eftirtaldar athugasemdir við frumvarp um rannsókn sjóslysa, en háttvirt samgöngunefnd hefir óskað eftir athugasemdum nefndarinnar.

Frumvarp þetta er í stórum dráttum eins og frumvarp það, sem lagt var fyrir 123. löggjafarþing. Þó eru gerðar á því breytingar, sem eðlilegt er, enda náði fyrra frumvarp ekki fram að ganga.

Í gamla frv. var lagt til, að skírgreind væru nokkur hugtök, er máli skipta varðandi sjóslys. Slíkt er ekki gert í þessu frv., heldur er lagt til í 2.gr., að þau verði skírgreind í reglugerð með hliðsjón af skilgreiningum í alþjóðareglum. Er í sjálfu sér ekki gerð nein athugasemd við þetta, en nauðsynlegt er, að þessar skírgreiningar sé til, bæði vegna lagaöryggis og til þess að menn velkist ekki í vafa um skírgreiningar. Má í þessu sambandi benda á nýsetta reglugerð um rannsókn flugslysa.

Í 5. og 6. gr. frv. eru ákvæði um skráningu sjóslysa. Í 5. gr. segir að setja skuli um þetta reglur, og er engin athugasemd gerð um það. Hins vegar telur nefndin, að umorða þurfi 6. grein, því að hún er merkingarleysa, eins og hún er í frumvarpinu.

Greinin er svohljóðandi í frv.:

“Skipstjóra eða þeim er kemur í hans stað er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum sem verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningaraskyldan tekur m.a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrona, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

Nú verður sjóslys sem ekki fellur undir 1. mgr., sbr. 1., 2. og 5. gr., og ber þá skipstjóra, útgerðarmanni, Tilkynningaraskyldu íslenskra skipa, Landhelgisgæslu, lögregluþyrifirvöldum eða öðrum sem verða þess áskynja að tilkynna og ganga úr skugga um að rannsóknarnefnd sjóslysa fái vitneskju um slysið.”

Nefndin leggur til, að greinin verði orðuð svona:

“Nú verður sbr. 1., 2. og 5. gr., og ber þá skipstjóra, útgerðarmanni, Tilkynningaraskyldu íslenskra skipa, Landhelgisgæslu, lögregluþyrifirvöldum eða öðrum sem verða þess áskynja að tilkynna og ganga úr skugga um án undandrátta að rannsóknarnefnd sjóslysa fái vitneskju um slysið

Skipstjóra eða þeim er kemur í hans stað er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum sem verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningaraskyldan tekur m.a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrona, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.”

Breytingin felst í því, að 2. mgr. verður 1. mgr. og er þar aðalreglan, sem sé, að öll sjóslys skuli tilkynna til nefndarinnar, en síðan segir, að setja eigi sérreglur um

tilkynningar á slysum á mönnum. Bætt er við orðunum “án undandráttar” á eftir “.. ganga úr skugga um..” í fyrstu mgr. til þess að ljóst sé, að gera eigi þetta strax.

Eins og orðalagið er í frv., verður ekki séð, að tilkynna eigi slys á mönnum til nefndarinnar. Þá er orðalagið “Nú verður sjóslys sem ekki fellur undir 1. mgr., sbr. 1., 2. og 5. gr.,” mjög illa skiljanlegt. Væntanlega er þarna átt við sjóslys, sbr. 1.2. og 5. gr. laganna, sem ekki falla undir 1. mgr. 6. gr., og er þá tilvísunarsetningin á röngum stað.


Nefndin vil benda á vegna 9. gr., þar sem m.a. segir, að hún geti fengið afrit af fjarskiptum, að rétt væri að setja inn ákvæði um aðgang að gögnum Tilkynningarskyldu íslenskra skipa. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar eyðast þau gögn sjálfkrafa eftir tvo sólarhringa. Þótt mjög sé nauðsynlegt að takmarka aðgang að þessum gögnum, getur samt sem áður verið réttlæt看legt að fá aðgang þeim, rétt eins og að gögnum um fjarskipti.

Í 14. gr. frv. er lagt til að allar skýrslur nefndarinnar séu sendar m.a. til siglingaráðs. Nefndin fær ekki séð, að nauðsyn beri til slíks. Það er að vísu síður í dag, að siglingaráð fær afrit af skýrslum nefndarinnar, en efast má um, að slíkt sé eðlilegt. Eru t.d. allar skýrslur um flugslys og flugatvik send flugráði. Er ekki miklu eðlilegra að samgönguráðherra leggi fyrir ráðið þær einstakar skýrslur, er hann telur, að siglingaráð eigi að fjalla um. Benda má aðrar stofnanir, sem allt eins hefðu gaman af að lesa skýrslurnar, t.d. Tryggingaráð, stjórn Hafnasambandsins o. sv. frv.

Þá telur nefndin, að það sé galli á greininni, að ekki segir, hvert eigi að senda tillögur nefndarinnar, en hins vegar, að Siglingarstofnun Ísland eigi að sjá til þess, að tillögurnar séu teknar til afgreiðslu. Það þýðir væntanlega, að örugglega á að senda Siglingastofnun tillögurnar, en eiga aðrir að fá afrit?

Þrátt fyrir þessar athugasemdir telur nefndin, að frv. sé í heild sinn gott, og mælir eindregið með samþykkt þess.

Reykjavík 3ja maí 2000


Haraldur Blöndal hrl.,
formaður

Til samgöngunefndar Alþingis.